



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HITAVEITA REYKJAVÍKUR
Mælingaefirlit á Nesjavöllum 1993

Ómar Sigurðsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-93059/JHD-30 B

Nóvember 1993



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 630 001

HITAVEITA REYKJAVÍKUR
Mælingaeftirlit á Nesjavöllum 1993

Ómar Sigurðsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-93059/JHD-30 B

Nóvember 1993

EFNISYFIRLIT

1. MÆLINGAR Á NESJAVÖLLUM	5
2. MÆLINGAR Í EINSTÖKUM HOLUM	7
2.1 Hola NG-7	7
2.2 Hola NG-9	7
2.3 Hola NG-10	7
2.4 Hola NJ-12	8
2.5 Hola NJ-14	8
2.6 Hola NJ-15	8
2.7 Hola NJ-16	9
2.8 Hola NJ-17	9
2.9 Hola NJ-18	10
2.10 Hola KhG-1	10
3. BREYTINGAR SÍÐUSTU ÁRA	11
4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA	12
5. FRAMHALD MÆLINGAEFTIRLITS	13
VIÐAUKI: Mælingar í borholum	49
TAFLA 1. Yfirlit um mælingar	6

MYNDASKRÁ

1. Hola NG-7, hitamælingar	14
2. Hola NG-7, þrýstingsmælingar	15
3. Hola NG-9, hitamælingar	16
4. Hola NG-9, þrýstingsmælingar	17
5. Hola NG-10, hitamælingar	18
6. Hola NG-10, hitamælingar	19
7. Hola NG-10, þrýstingsmælingar	20
8. Hola NJ-12, hitamælingar	21
9. Hola NJ-12, hitamælingar	22
10. Hola NJ-12, þrýstingsmælingar	23
11. Hola NJ-14, hitamælingar	24
12. Hola NJ-14, þrýstingsmælingar	25
13. Hola NJ-15, hitamælingar	26

14.	Hola NJ-15, hitamælingar	27
15.	Hola NJ-15, þrýstingsmælingar	28
16.	Hola NJ-16, hitamælingar	29
17.	Hola NJ-16, hitamælingar	30
18.	Hola NJ-16, þrýstingsmælingar	31
19.	Hola NJ-17, hitamælingar	32
20.	Hola NJ-17, hitamælingar	33
21.	Hola NJ-17, þrýstingsmælingar	34
22.	Hola NJ-18, hitamælingar	35
23.	Hola NJ-18, hitamælingar	36
24.	Hola NJ-18, þrýstingsmælingar	37
25.	Hola KhG-1, hitamælingar	38
26.	Hola KhG-1, hitamælingar	39
27.	Hola KhG-1, þrýstingsmælingar	40
28.	Hola KhG-1, víddarmælingar gerðar 24 júní og 25 október	41
29.	Hola KhG-1, þvermál holunnar á dýptarbilinu 500-650 m	42
30.	Hola KhG-1, hitamælingar í vinnslufóðringu	43
31.	Hola NG-7, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	44
32.	Hola NG-9, þrýstingur og hiti á 1000 m dýpi	44
33.	Hola NG-10, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi	45
34.	Hola NJ-12, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	45
35.	Hola NJ-14, þrýstingur og hiti á 1200 m dýpi	46
36.	Hola NJ-15, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi	46
37.	Hola NJ-17, þrýstingur og hiti á 1600 m dýpi	47
38.	Hola NJ-18, þrýstingur og hiti á 1700 m dýpi	47
39.	Hola KhG-1, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	48
40.	Breytingar vatnsborðs í holum NG-10, NJ-12, NJ-15, NJ-17 og NJ-18	48

1. MÆLINGAR Á NESJAVÖLLUM

Um miðjan júní 1993 voru hita- og þrýstimældar átta eftirlitsholur á Nesjavöllum, holur NG-7, NG-9, NG-10, NJ-12, NJ-14, NJ-15, NJ-17 og NJ-18. Auk þess voru hita- og þrýstimældar holur NJ-16 á Nesjavöllum og KhG-1 við Kolviðarhól. Þessar mælingar eru hluti af mælingaefirliti á Nesjavöllum til að fylgjast með breytingum í jarðhitakerfinu þar. Yfirlit um mælingarnar er að finna í töflu 1, en mælingarnar sjálfar eru birtar í töflum V-1 til V-26 í viðauka og sýndar á myndum 1-27. Á myndunum eru einnig sýndar síðustu mælingar til samanburðar. Auk þessa var vídd vinnslufóðringar holu KhG-1 mæld og í lok október var sú mæling endurtekin ásamt því að hitamælt var niður að leiðara og tekin sýni af útfellingum innan úr vinnslufóðringunni. Niðurstöður þessarra mælinga eru sýndar á myndum 28-30. Þá er á myndum 31-39 tekið saman yfirlit yfir hita- og þrýstibreytingar í holunum á síðustu árum. Þar eru valin þau dýpi í holunum þar sem vendipunktur kom fram í þrýstimælingum við upphitun holanna. Að lokum er svo sýnd þróun vatnsborðsbreytinga á mynd 40 fyrir þær holur sem hafa verið þrýstingslausar á hlotutoppi undanfarin ár.

Vatnsborð var einnig mælt í holunum, nema holum NG-7, NG-9, NJ-14 og NJ-16, sem voru í blæðingu og með þrýsting á hlotutoppi.

Vatnsborð í holunum mældist á eftirfarandi dýpi:

NG-10	187,24 m	frá 3" loka	þann 8/6 kl 10:25
NJ-12	141,92 m	frá aðalloka	þann 7/6 kl 18:25
NJ-15	153,23 m	frá 3" loka	þann 8/6 kl 15:00
NJ-17	237,29 m	frá rafloka	þann 22/6 kl 09:30
NJ-18	151,45 m	frá aðalloka	þann 7/6 kl 11:25
KhG-1	138,63 m	frá kjallarabrún	þann 23/6 kl 09:50

Toppþrýstingur holu NG-7 var um 40 bar þegar hún var mæld, holu NG-9 um 65 bar og holu NJ-14 um 19,5 bar í þrýstimælingunni sem hækkaði í 20,5 bar í hitamælingunni eða eftir því sem lengur var lokað fyrir blæðinguna úr holunni. Toppþrýstingur holu NJ-16 var um 46 bar, en endurtaka þurfti hluta hitamælingar daginn eftir og var toppþrýstingurinn þá um 47,5 bar.

Við mælingar holu KhG-1 í júní varð vart við fyrirstöður á um 568 m dýpi og allt niður í 600 m dýpi. Á síðastliðnu ári varð einnig vart við fyrirstöður á svipuðum stöðum í holunni, en fyrirstaða á um 373 m dýpi var hreinsuð úr holunni í lok árs 1991. Vegna þessa var ákveðið að víddarmæla holuna eins djúpt og hægt væri án þess að ofgera hitapoli mælisins og kanna þannig hvað ylli þessum fyrirstöðum. Í lok október voru þær mælingar endurteknar niður á allt að 760 m dýpi ásamt því að tekið var sýni af útfellingum á dýptarbilinu 500-585 m.

Tafla 1 Yfirlit um mælingar í borholum

Dags	Hola	Mæling	Dýpi
93.06.16	NG-7	AM-hiti	0 - 1969 m
93.06.21	NG-7	AM-þrýst.	0 - 1969 m
93.06.16	NG-9	AM-hiti	0 - 1026 m
93.06.16	NG-9	AM-þrýst.	0 - 1026 m
93.06.08	NG-10	GO-hiti	0 - 550 m
93.06.08	NG-10	AM-hiti	600 - 1761 m
93.06.08	NG-10	AM-þrýst.	0 - 1761 m
93.06.07	NJ-12	GO-hiti	0 - 700 m
93.06.14	NJ-12	AM-hiti	800 - 1802 m
93.06.14	NJ-12	AM-þrýst.	0 - 1802 m
93.06.15	NJ-14	AM-hiti	0 - 1270 m
93.06.15	NJ-14	AM-þrýst.	0 - 1269 m
93.05.08	NJ-15	GO-hiti	0 - 550 m
93.06.08	NJ-15	AM-hiti	600 - 1707 m
93.06.08	NJ-15	AM-þrýst.	0 - 1707 m
93.06.21	NJ-16	AM-hiti	0 - 1996 m
93.06.21	NJ-16	AM-þrýst.	0 - 1996 m
93.06.14	NJ-17	GO-hiti	0 - 700 m
93.06.14	NJ-17	AM-hiti	700 - 1952 m
93.06.14	NJ-17	AM-þrýst.	0 - 1952 m
93.06.07	NJ-18	GO-hiti	0 - 830 m
93.06.07	NJ-18	AM-hiti	900 - 1982 m
93.06.07	NJ-18	AM-þrýst.	0 - 1982 m
93.06.23	KhG-1	GO-hiti	0 - 740 m
93.06.23	KhG-1	AM-hiti	800 - 1777 m
93.06.23	KhG-1	AM-þrýst.	0 - 1777 m
93.06.24	KhG-1	Vidd	0 - 685 m
93.10.25	KhG-1	GO-hiti	0 - 760 m
93.10.25	KhG-1	Vidd	0 - 670 m
Alls mældir metrar			36.268 m

2. MÆLINGAR Í EINSTÖKUM HOLUM

2.1 Hola NG-7

Hitamælingarnar í holu NG-7 í sumar sýna heldur hærri hita neðan 600 m dýpis en mælingarnar frá 1992. Mælingin í sumar er hins vegar svipuð og enn eldri mælingar. Lögum allra mælinganna er sú sama en þær hliðrast til neðan 600 m dýpis. Í sumar var notaður nýr hitamælir og reyndist verksmiðjukvörðun hans of há er kvörðun mælisins var athuguð. Kvörðun mælisins var lagfærð, en gæti þó verið í hærri kantinum. Sú hliðrun sem sést í mælingunum á mynd 1 er því að mestu kvörðunarvandamál við þetta háan hita, þar sem undanfarið hafa verið notaðir mismunandi hitamælar í þessum mælingum. Mælingarnar gefa alla vega hæsta og lægsta hita á dýptarbilinu 600-2000 m og má álykta út frá mynd 31 að hiti hafi lítið breytst þar undanfarin 6 ár.

Þrýstingurinn er einnig í lægra lagi miðað við fyrri mælingar, en þrýstingurinn í vinnsluhluta holunnar hefur farið lækkanði á undanförunum árum. Þegar holunni var lokað eftir blástur 1986 var orðin um 4,2 bar þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu við hana. Þrýstingurinn virðist svo haldast nokkuð stöðugur til loka árs 1988 eins og sést á mynd 31, en á árinu 1989 lækkar hann um rúm 2 bar. Síðan hefur þrýstingurinn verið hægt lækkanði og er þrýstingslækkunin nú orðin rúm 9 bar miðað við mældan upphafsþrýsting.

2.2 Hola NG-9

Hola NG-9 var hita- og þrýstimæld í sumar um leið og aðrar holur á Nesjavöllum. Hitamælingunni frá því í sumar svipar til mælingarinnar frá síðasta ári. Frá því lokað var fyrir blástur úr holunni í júní 1988 virðist vinnsluhluti holunnar hafa hitnað um 2-3°C. Þessi hitnun er hins vegar nálægt skekkjumörkum mælanna og því ekki hægt að fullyrða um hana.

Þrýstimælingin í sumar er eitthvað lægri en eldri mælingar úr holunni. Upphafsprýstingurinn í jarðhitakerfinu við holuna er ekki vel ákvarðaður, en gæti hafa verið um 77,3 bar á 1000 m dýpi. Mælingin nú gefur 75,3 bar þrýsting á þessu dýpi. Þrýstingurinn í jarðhitakerfinu gæti því verið farinn að lækka við holuna en lækkunin vart orðin meiri en 1 bar.

2.3 Hola NG-10

Hitamælingarnar í holu NG-10 frá því í sumar sýna heldur lægri hita í holunni miðað við eldri mælingar. Þannig mældist hiti í efstu 500 m holunnar um og yfir 1°C lægri en á síðasta ári. Neðan 1000 m dýpis mælist hitinn svo 1-3°C lægri. Þar eru skekkjumörk mælisins hins vegar hærri, en engu að síður er þetta lægsti hiti sem hefur mælst í vinnsluhluta holunnar frá því er kælingar varð vart í henni þegar hola NJ-15 blés 1987. Sú kæling sem þá varð er orðin varanleg í jarðhitakerfinu við holuna og er hiti í vinnsluhluta holunnar víðast um 10°C lægri en hann var eftir lokun holunnar 1986 (sjá mynd 33).

Þrýstingurinn mældist svipaður eða örlítið hærri við holu NG-10 í ár miðað við mælinguna á síðastliðnu ári, en mismunurinn er vel innan skekkjumarka mælisins. Þrýstingslækkunin í jarðhitakerfinu við holuna er hægt og virðist nú vera um 3 bar. Þessu ber þokkalega saman við vatnsborðslækkun sem mælst hefur í holunni undanfarin ár. Síðan vatnsborðin í holu NG-10 jafnaði sig eftir áhrif frá blæstri holu NJ-15 í ágúst 1987, hefur það lækkað um 30,8 metra.

2.4 HOLA NJ-12

Af mynd 8 virðist mega ætla að hiti í efstu 400 m holu NJ-12 hafi lækkað frá því í fyrra. Svo er þó ekki og mældist hiti í efsta hluta holu NJ-12 nær sami og áður, en 1992 var nokkur truflun á mælinum sem veldur þessum mismun. Í vinnsluhluta holunnar mælist hiti einnig svipaður og áður, en neðan 1500 m dýpis liggur mælingin í ár um 2°C hærra en áður. Þetta stafar líklega af kvörðunarvanda við mælinn við þetta háan hita og því ekki raunveruleg breyting.

Þrýstingur í holu NJ-12 mældist svipaður eða örlítið hærri í sumar samanborið við mælinguna frá 1992. Þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-12 hefur verið nokkuð stöðugur eftir að holunni var lokað og legið nálægt eða örlítið undir áætluðum upphafsþrýstingi. Vatnsborð í holunni hefur hins vegar lækkað á undanförunum árum um 24 m, en þar af eru allt að 8 m orsakadír af kólnun vatnssúlunnar í efri hluta holunnar á sama tímabili. Vatnsborðslækkunin getur bent til lækkandi þrýstings í jarðhitakerfinu við holu NJ-12 sem gæti þá verið rúmt 1 bar.

2.5 HOLA NJ-14

Hiti í holu NJ-14 mælist nær sá sami í ár og hann mældist á síðasta ári. Hiti í holu NJ-14 hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, en þó sýnt tilhneigingu til hækkunar á allra síðustu árum. Þegar samanburður er gerður við eldri mælingar getur þessi hækkun numið um 2-3°C, eða svipuð hækkun og getur verið við holu NG-9. Þessar holur hafa yfirleitt verið mældar með sama mælinum, en hækkunin er lítið hærri en skekkjumörk mælanna. Það er því óvíst hvort breytingin er raunveruleg eða hvort hún stafi af fráviki í kvörðun. Ofan 400 m dýpis stjórnast hitinn af blæðingu holunnar, þar sem hún er í suðu þar.

Þrýstingur mælist einnig nær sami í ár og á síðasta ári. Í heildina benda þrýstingsmælingarnar þó til að þrýstingur sé lækkandi í jarðhitakerfinu við holu NJ-14. Þrýstingslækkunin er hins vegar lítil og getur mest verið um 2 bar. Holutoppþrýstingur var hærri í sumar en oftast áður, en hann ræðst að miklu leiti af blæðingu holunnar. Þegar blæðing úr holunni minnkar safnar hún á sig gasi og toppþrýstingurinn hækkar. Þessa varð greinilega vart við mælingarnar eins og sjá má í töflum V-11 og V-12.

2.6 HOLA NJ-15

Hitaástand jarðhitakerfisins við holu NJ-15 jafnaði sig til fulls eftir kælinguna sem kom fram við blástur holunnar 1987. Blástur holu NJ-15 hafði áhrif til kælingar við holu NG-10, en öfugt við holu NJ-15 varð mest af kælingunni við holu NG-10 varanleg. Hiti við holu NJ-15 mælist nú nær sami og á síðastliðnu ári, en mælingin frá 1991 var í hærra lagi. Hiti hefur því verið stöðugur við holu NJ-15 frá 1990.

Þrýstingur mælist lægri í holu NJ-15 en á síðasta ári og eins og sést á mynd 36 benda mælingar til að þrýstingur í jarðhitakerfinu við holuna fari lækkandi. Upphafsþrýstingur í jarðhitakerfinu á 1500 m dýpi var áætlaður um 114,4 barg, en þrýstingur mælist nú á þessu dýpi 112,0 barg. Þrýstingslækkunin getur því verið orðin um 2 bar. Töluverðar hitabreytingar hafa verið í holunni á undanförunum árum, þar sem kæling varð samfara blæstri holunnar og síðan langtíma upphitun eftir lokun holunnar. Vegna þessa er erfitt að bera breytingar á vatnsborðsstöðu við breytingar í þrýstingi. Vatnsborð í holu NJ-15 var hækkandi í upphitun fram að upphleypingu (134,5 m). Þegar holunni var lokað eftir blástur lækkaði vatnsborð í fyrstu, það steig svo og var hækkandi fram til ársins 1989 (142,6 m) en þá tók það að lækka aftur. Sú lækkun

nemur nú um 10,7 metrum. Segja má að vatnsborð hafi sveiflast í takt við hitabreytingarnar fram til 1989. Þá virðist þan vatnssúlunnar með hækkandi hita ekki duga lengur til að jafna lækkun vatnsborðsins vegna lækkandi þrýstings í jarðhitakerfinu.

2.7 HOLA NJ-16

Hola NJ-16 var í sumar mæld með öðrum holum á Nesjavöllum, en lokað var fyrir blástur hennar um miðjan maí eftir fimm mánaða blástur. Holan var blædd á sama hátt og í fyrra haust, þannig að holutoppþrýstingurinn er felldur gegnum þrjár blendur og holan blædd inn á safnæðina. Ekki er vitað hve mikil blæðingin var, en þannig hafði holan staðið í fimm vikur fyrir mælingarnar.

Á myndunum fyrir holu NJ-16 eru einnig sýndar síðustu mælingar frá upphitun holunnar eftir borun í janúar 1986. Hitamælingunni í ár svipar í efstu 1200 m til mælingar sem var gerð 1988 við svipaðar aðstæður. Neðan 1200 m dýpis svipar mælingunni í ár meir til hitamælingarinnar sem gerð var við upphitun holunnar 1986. Holan sýður til botns í blæstri og sýnir hitamælingin enn nokkra kælingu neðst í holunni vegna þessa. Ofar virðast áhrif kælingar vegna suðu minni og einhver virkni virðist vera á æðum nálægt 1100 m og 1500 m dýpi. Blæðing holunnar er líklega minni, en var í fyrra, vegna minni suðu í holunni nú og því lægri toppþrýstings.

Þrýstimælingin í ár líkist þrýstimælingunni sem gerð var 1988 við svipaðar aðstæður. Mælingarnar eru líkar að því leyti að holutoppþrýstingur var svipaður og suðuborð er í holunni á rúmlega 1100 m dýpi. Dýpra er síðan vatnssúla í holunni. Þegar holan var hins vegar mæld í fyrra haust var holutoppþrýstingurinn tæpum 20 bar hærri og holan í suðu til botns. Ljóst er að gas átti þátt í að viðhalda suðunni því þrýstingur var um 7 bar hærri en suðuprýstingur vatns fyrir mældan hita við botn holunnar á 1996 m dýpi. Þannig virðist vera að þegar hiti á 1600-1996 m hefur jafnað sig eftir blástur og er kominn yfir 300°C að þá geti myndast milli-rennsli upp holuna. Gas í botnæð holunnar örvar milli-rennslið og hleypir holunni í suðu þannig að toppþrýstingur á holunni hækkar nokkuð hratt og mikið á tiltölulega skömmum tíma. Erfitt er að meta niðurdrátt í jarðhitakerfinu við holu NJ-16 út frá fyrirliggjandi mælingum, en þrýstingur við holuna virðist lítið hafa breytst frá 1988.

2.8 HOLA NJ-17

Hitamælingin frá í sumar er nær eins og eldri mælingar úr holunni. Helsta breytingin er að holan hefur kólnað í grennd við hengistykki leiðarans á um 640 m dýpi. Þar hefur hiti lækkað um 14°C þannig að nú var hægt að mæla holuna með rafeindahitamæli niður í leiðarann niður á 700 m dýpi. Á 550 m dýpi og eins á 700 m dýpi er hiti svipaður og á síðasta ári. Hitabreytingin á sér því aðallega stað við topp leiðarans. Líklegt er að hringsteymi (convection) sem getur orðið og verður oft vart í efsta hluta leiðara hafi breytst, frekar en að hiti í jarðlögunum hafi breytst á svo þröngu dýptarbili. Hringstreymi getur orðið t.d. efst í leiðara þar sem rör þar eru ógötuð. Þá getur myndast hægt streymi heitara vatns upp holuna utan með leiðaranum, en kaldara vatn sekkur niður innan í honum. Þannig verða toppar leiðara oft heitari, en berghiti á því dýptarbili gefur tilefni til.

Þrýstimælingin í ár sýnir almennt aðeins hærri þrýsting heldur en mælingin frá síðasta ári, en sú mæling var í lægri kantinum. Yfir lengri tíma benda þó þrýstimælingarnar til að þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-17 sé að lækka. Upphafsprýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-17 var áætlaður um 121.3 barg á 1600 m dýpi. Í sumar mældist þrýstingur á þessu dýpi 120,0

barg. Vatnsborð í holunni hefur lækkað um rúma 11 metra, en hluti þeirrar lækkunar stafar af kólnun vatnssúlunar í efstu 600 m holunnar. Breytingar vatnsborðs og þrýstings benda því til að þrýstingur í jarðhitakerfinu geti hafa lækkað, en lækkunin er um eða innan við 1 bar.

2.9 HOLA NJ-18

Enn er örlítill kólnun í efstu 800 m holu NJ-18, en holan er að nálgast jafnvægi við ríkjandi berghita þar eftir blástur holunnar. Holan hefur verið að kólna á þessu dýptarbili um 0,5-1,0 °C á ári nú síðustu ár, en lokað var fyrir stuttan blástur holunnar í maíbyrjun 1988. Holan er á þessu dýptarbili enn um 1-3°C heitari en hún mældist í síðustu upphitunarmælingu fyrir blástur. Í vinnsluhluta holunnar hefur hiti verið tiltölulega stöðugur frá lokun holunnar og svipar hitamælingunni þar til eldri mælinga.

Þrýstimælingin í fyrri var gölluð neðan 800 m dýpis, þar sem kvörðun þrýstimælisins virtist hafa breytst við það að mælirinn rakst á topp leiðarans á leið sinni niður holuna. Þrýstimælingin í sumar svipar til eldri mælinga, nema þrýstingur er örlítið lægri. Mismunurinn (1,1 bar) er hins vegar nálægt skekkjumörkum mælanna. Vatnsborð holu NJ-18 hefur lækkað um rúma 17 metra á undanförunum árum. Verulegur hluti þessarar vatnsborðslækkunar stafar af hitabreytingum í efstu 1100 m holunnar. Möguleg þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu við holu NJ-18 er því um eða innan við 1 bar.

2.10 HOLA KHG-1

Stífla fannst á 373 m dýpi í holu KhG-1 við Kolviðarhól við eftirlitsmælingar í maí 1988 og reyndist gerð úr ummynduðu Portland-sementi. Talið var að sementsleðja hefði runnið inn í holuna um skotgöt á fóðringunni og stíflað hana, en göt voru skotin á fóðringuna á 378 m og 396 m dýpi þegar hún var steipt. Í lok nóvember 1991 fór jarðborinn Narfi með borkrónu niður á rúmlega 400 m dýpi án þess að verða við fyrirstöðu. Eins reyndust steypugötin þétt við þrýstiprófun borsins. Þá var holan lóðuð með um 1,5" sveru lóði til botns án þess að vart yrði við fyrirstöðu. Í janúar 1992 þegar holan var hita- og þrýstimæld varð vart við fyrirstöðu á 563 m dýpi og allt niður á 585 m dýpi. Mælar komust hins vegar til botns og virtist fyrirstaðan mjúk eins og einhver drulla væri í holunni. Holan var síðan lóðuð aftur í maí 1992 án þess að fyrirstöðu yrði vart. Hins vegar varð aftur vart við fyrirstöðu við mælingar í nóvember 1992 og þá á 597 m dýpi.

Hola KhG-1 var hita- og þrýstimæld í sumar á sama tíma og eftirlitsmælingar voru gerðar í holum á Nesjavöllum. Byrjað var að mæla með rafeindahitamæli niður á 740 m dýpi, en leiðari hangir innan í fóðringunni á 741 m dýpi. Strax varð vart við fyrirstöðu á 568 m dýpi og allt niður á 600 m dýpi. Hins vegar varð ekki vart við fyrirstöðurnar stuttu seinna er háhitamælar voru sendir niður holuna allt til botns. Þar sem fyrirstöðu varð vart á sömu stöðum og áður í holunni var ákveðið að kanna þær frekar með víddarmælingu því hiti í holunni allt niður á 650 m dýpi er vel innan hitapols rafeinda-víddarmælisins. Fjallað verður nánar um þá mælingu og aðrar sem leiddu af henni hér á eftir.

Hitamælingin frá júní í sumar sýnir að hitajafnvægi er komið á í holunni eftir hreinsunaraðgerð í henni í lok árs 1991. Efst mælist hiti svipaður og síðastliðið haust, en frá um 550 m dýpi og niður að leiðara er hiti nú 1-3°C hærri. Frá leiðara og niður á um 1000 m dýpi mælist hiti allt að 7°C hærri en í fyrri, en þaðan og til botns mælist hiti svipaður og 1987, er holan jafnaði sig eftir blástur. Hæstur er hiti á um 1300 m dýpi 274,9°C og er líklega vatnsæð þar í holunni.

Vatnsborð hefur verið hækkandi í holunni eftir hreinsunaraðgerðir, líklega vegna hitabreytinga í holunni, því það hefur hækkað um 2,4 m frá nóvember á síðasta ári. Þrýstimælingin í fyrra haust var í hærra lagi, en þrýstimælingunni í ár svipar til fyrrri mælinga. Flest bendir því til þess að hiti og þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu KhG-1 hafi verið tiltölulega stöðugur á undanförunum árum.

Eins og áður sagði var holan víddarmæld 24. júní niður á um 680 m dýpi. Mælingin sýndi verulegar þrengingar í holunni á um 567 m dýpi og niður á um 590 m dýpi (mynd 28 fyrrri ferill). Á þessum kafla virtist vídd holunnar minnka niður í um 50 mm (2"), en innanmál fóðringarinnar ætti að vera um 220 mm. Því var ljóst að miklar útfellingar voru í holunni og þær heftu för mæla niður holunna. Áhugi vaknaði á að reyna að ná sýnishorni af útfellingunum til frekari rannsókna og var það gert í lok október. Byrjað var á að hitamæla holuna niður í leiðarann. Þá var holan víddarmæld aftur, en með mæli sem hafði meiri upplausn (mynd 28 síðari ferill). Að lokum var síðan farið með um 1,5" sveran sýnataka niður á 585 m dýpi og sýni skrapað úr útfellingunum upp á tæplega 500 m dýpi, en eftir það var sýnatakinn miðjustilltur í holuna. Töluvert magn af útfellingasýni náðist og er það nú til frekari athugunar hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Á mynd 29 hefur dýptarbilið þar sem mestar þrengingar eru í holunni verið stækkað upp. Þar sést vel að útfellingar þrengja holuna frá um 540 m dýpi og niður á um 640 m dýpi. Á nokkrum stöðum eru svo 1-3 m þykk belti þar sem holan þrengist niður í allt að 50 mm. Þá má, þegar víddarmælingarnar eru skoðaðar gaumgæfilega, sjá móta fyrir skotgötunum á um 378 m dýpi í báðum mælingum, en óljóst er hvort götin á um 396 m dýpi sjáist. Hitamælingin í haust sýnir svipaðar breytingar og mælingin frá því í sumar. Einnig mátti sjá út frá mismunahita vísbendingar um leka inn um skotgötin á um 378 m og niður holuna. Þannig eru síðustu mælingar eins niður á um 450 m dýpi, en dýpra hefur holan hitnað milli mælinga. Leki inn í holuna um skotgötin og niður hana getur hugsanlega skýrt myndun útfellingana, sem byrja þá að myndast er hiti fer upp fyrir 80°C. Þá geta hitamælingarnar bent til að dregið hafi úr lekanum á milli ára, þar sem holan hitnar. Götin geta því verið við það að stíflast, en lokastigið í því gæti verið að eðja hlaðist í holuna við götin og stífli hana þar líkt og sást í mælingum 1988.

3. BREYTINGAR SÍÐUSTU ÁRA

Líkanreikningar fyrir jarðhitakerfið á Nesjavöllum hafa verið endurskoðaðir og líkanið fyrir jarðhitakerfið stillt af fyrir gögn sem safnast höfðu fram á árið 1992 (Guðmundur S. Bóðvarsson, 1993: Recalibration of the three-dimensional model of the Nesjavellir geothermal field. Albany, CA., 111 s.). Líkanið var síðan notað til að gera spár fyrir mismunandi vinnslutilfelli fram yfir næstu aldamót. Spáreikningar voru gerðir fyrir tilfelli sem líkist rekstraraðstæðum jarðhitakerfisins um þessar mundir og nær spáin til ársins 2005. Þar er reiknað með að vinnsla verði úr holum NG-5, NG-6, NJ-11, NJ-13 og NJ-16. Spáð er fyrir um breytingar í rennsli og vermi fyrir vinnsluholurnar en þrýstingsbreytingar í holum NG-10, NJ-12, NJ-14 og NJ-15. Almennt gerir spáin ráð fyrir að vermi vinnsluholanna lækki á tímabilinu og rennsli þeirra aukist eitthvað. Fyrir eftirlitsholurnar er reiknað með að þrýstingur í jarðhitakerfinu haldi áfram að lækka en mun minna en hann hefur gert síðustu fimm ár. Þannig er þegar kominn fram 1-3 bar niðurdráttur við þessar holur sem mun aðeins aukast um rúmt 1 bar á næstu tíu árum.

Á yfirlitsmyndum 31-39 fyrir holur NG-7, NG-9, NG-10, NJ-12, NJ-14, NJ-15, NJ-17, NJ-18 og KhG-1 eru sýndar hita- og þrýstingsbreytingar á ákveðnum viðmiðunardýpum í holunum á

undanförnum árum. Viðmiðunardýpi í hverri holu var valið það dýpi, þar sem vendipunktur kom fram í þrýstímælingum við upphitun holanna. Þegar myndirnar eru skoðaðar sést að hitabreytingar hafa ekki verið miklar í holunum eftir að þær náðu jafnvægi eftir blástur. Helst er að kæling sem varð við holu NG-10 vegna blásturs holu NJ-15 ætlar að verða varanleg, en kælingin við holu NJ-15 gekk til baka. Hiti í vinnsluhluta holu NG-10 er þannig um 10°C lægri, en hann var eftir lokun holunnar. Þá er mögulegt að hiti við holur NG-9 og NJ-14 hafi hækkað um rúmar 2°C á undanförunum árum, án þess að skýring sé á því enn.

Þrýstingur jafnaði sig fljótt eftir blástur holanna að áætluðum upphafsþrýstingi í jarðhitakerfinu við viðkomandi holur, nema í holu NG-7. Þar reyndist meðalþrýstingurinn í jarðhitakerfinu vera orðinn um 4,2 bar lægri en áætlaður upphafsþrýstingur. Næstu ár á eftir var þrýstingurinn tiltölulega stöðugur, en mælingar síðustu 3-4 árin benda til að þrýstingur fari lækkandi víðast hvar í jarðhitakerfinu. Vatnsborðsmælingar úr þeim holum sem eru þrýstingslausar á holutoppi (mynd 40) benda einnig til að þrýstingur fari lækkandi í jarðhitakerfinu á Nesjavöllum. Við Kolviðarhól í holu KhG-1 virðist þrýstingur hins vegar ekki hafa breyst á undanförunum árum.

Þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu á Nesjavöllum miðað við fyrstu mælingar úr viðkomandi holu, sem eru flestar frá árunum 1984-1986, virðist vera orðin sem hér segir. Við holu NG-7 er þrýstingslækkunin rúm 9 bar og er það mesta lækkun sem mælist á Nesjavöllum. Næst mest mælist þrýstingslækkunin við holu NG-10 um 3 bar og bendir vatnsborðslækkun til svipaðrar niðurstöðu. Við holur NJ-14 og NJ-15 er þrýstingslækkunin vart orðin meiri en 2 bar. Við holur NG-9, NJ-12, NJ-17 og NJ-18 er þrýstingslækkunin hins vegar um eða innan við 1 bar. Almennt má segja að samræmi sé milli mældrar þrýstingslækkunar við holurnar og mældrar vatnsborðslækkunar í þeim.

4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

- Niðurdráttur hefur orðið í jarðhitakerfinu á Nesjavöllum við flestar þær holur sem eru mældar reglulega. Niðurdrátturinn er almennt á bilinu 1-3 bar, en mestur er hann við holu NG-7, rúm 9 bar. Líkanreikningar gera ráð fyrir að þessi niðurdráttur muni aukast um rúmt 1 bar á næstu 10 árum miðað við núverandi vinnslu úr jarðhitakerfinu.
- Varanleg kæling í vinnsluhluta holu NG-10 vegna blásturs holu NJ-15 á árinu 1987 er um 10°C.
- Mögulegt er að hiti við holur NG-9 og NJ-14 hafi hækkað um rúmar 2°C á síðustu 2-3 árum.
- Þegar holu NJ-16 er lokað eftir blástur er vinnsluhluti hennar kældur af suðu. Vatnssúla er þá í holunni með suðuborð á rúmlega 1100 m dýpi og toppþrýstingur holunnar er um eða minni en 45 bar. Þegar neðsti hluti holunnar hefur hitnað yfir 300°C getur gas úr botnæð holunnar myndað millirennslu upp holuna sem hleypir vatnssúlunni í suðu. Við það vex toppþrýstingur holunnar hratt í um eða yfir 65 bar.
- Líklegt er að breyting hafi orðið í hringstreymi við topp leiðara í holu NJ-17, sem veldur því að hiti í nágrenni hans mælist nú um 14°C lægri en áður.


- Vatnsborð í holu KhG-1 við Kolviðarhól hefur hækkað upp fyrir það sem það náði hæst áður, líklega vegna hitabreytinga þar sem þrýstingur í holunni mælist svipaður og áður.
- Við víddarmælingar komu fram verulegar þrengingar í holu KhG-1 við Kolviðarhól á dýptarbilinu 567-590 m. Þar þrengist þvermál vinnslufóðringarinnar, sem ætti að vera um 220 mm, niður í allt að 50 mm á nokkrum 1-3 m þykkum beltum. Tekið var sýni af útfellingum á þessu bili, en þær valda þrengingu í fóðringunni á yfir 100 m bili.
- Hitamælingar og mismunahiti mældur í þeim benda til leka inn um skotgöt á 378 m dýpi í holu KhG-1 við Kolviðarhól og niður holunna.

5. FRAMHALD MÆLINGAEFTIRLITS

